

368. fundur

Bæjarráð Stykkishólms hélt fund fimmtudaginn 29. janúar 2004 kl. 17:00 í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Elísabet Lára Björgvinsdóttir, formaður
Rúnar Gíslason
Davíð Sveinsson
Óli Jón Gunnarsson, bæjarstjóri
Þór Örn Jónsson, bæjarritari

Formaður setti fund og fól síðan bæjarstjóra fundarstjórn.

1. Þriggja-ára-áætlun 2005-2007, undirbúningsvinna við áætlunina.
Bæjarstjóri gerði grein fyrir undirbúningsvinnu við áætlunina.
2. Fundargerðir nefnda.
 - 2.1 Framkvæmdanefnd ljósmyndasafns Stykkishólms dags. 13.1..2004.
Fundargerð framlögð.
 - 2.2. Fræðslunefnd, dags. 7.1.2004.
Fundargerð lögð fram.
 - 2.3. Skipulags- og bygginganefnd, dags. 13.1. 2004.
Liður 3. A samþykktur og b. er samþykkt nafnið Arnarborg, liður 4. a. er samþykktur. Að öðru leiti er fundargerð framlögð.
 - 2.4. Stjórn Lista- og menningarsjóðs, dags. 6.1.2004.
Fundargerð lögð fram.
 - 2.5. Þjónustuhópur aldraðra, dags. 8.1.2004.
Fundargerð framlögð.
3. Aðrar fundargerðir.
 - 3.1. 140. stjórnarfundur Eflingar, dags. 21.1.2004.
Fundargerð lögð fram.
 - 3.2. 45. fundur Breiðafjarðarnefndar, dags. 15.12.2004.
Fundargerð framlögð.
4. Green Globe-21 verkefnið. Stefna í sjálfbærri þróun umhverfis- og samfélagsmála til ársins 2015.
**Bæjarráð þakkar góða kynningu þeirra hjóna Guðlaugs og Guðrúnar G. Bergmann fyrir bæjarstjórnarfund 15. jan s.l.
Bæjarráð samþykkir að vinna áfram að þeirri stefnu sem þar var fram sett.**
5. Samningur við KB-banka um innheimtu fasteignagjalda 2004-2007.
Samningur lagður fram og samþykktur.
6. Fjölbrautaskóli Snæfellinga og fax frá bæjarstjóranum í Grundarfirði 19.01.'04.
Viðkomandi skjöl lögð fram.

7. Þrjú bréf SSV dags. 8.,23. og 24. jan. 2004.
Lagt fram til kynningar.
8. Bréf félagsmálaráðuneytisins dags. 12.01.2004.
Bæjarráð lýsir yfir vonbrigðum með að reglugerð nr. 113/2003 um stofnframlög til byggingu leikskóla sé ekki skýrari en raun ber vitni, þar sem Stykkishólm bæ er hafnað um framlag til leikskólabyggingar, þrátt fyrir bréf félagsmálaráðuneytisins frá 28. október 2003.
9. Bréf Lánasjóðs sveitarfélaga dags. 7.01.'04.
Bæjarráð samþykkir að sækja um 30 milljóna lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga.
10. Bréf nefndar um sameiningu sveitarfélaga dags. 22.01.2004 og fundur sveitarfélaga á Snæfellsnesi 29. janúar kl.20:00.
Bréf lagt fram.
11. Innheimta fyrir Hitaveitu Stykkishólms, breytingar.
Bæjarráð samþykkir að segja upp samningi um innheimtu við Rafmagnsveitur ríkisins og að bæjarskrifstofur taki við innheimtu.
12. Bréf Sambands íslenskra sparisjóða dags. 8.01.'04.
Lagt fram til kynningar.
13. Bréf Magnúsar A. Sigurðssonar dags. 26.01.2004.
Bæjarráð tekur jákvætt undir erindið.
14. Lóðaumsóknir Skipavíkur hf.
Skipavík hf. sækir um reit A og B við Borgabraut / Laufásveg, ásamt parhúsalóð við Skólastíg. Jafnframt skilar fyrirtækið lóðum við Tjarnarás 7 og 7a. Bæjarráð samþykkir að úthluta lóð við Skólastíg, en vísar öðru til umsagnar í skipulags- og byggingarnefnd.
15. Lóðarumsókn frá Magnúsi Bæringssyni um reit F við Laufásveg.
Bæjarráð úthlutar Magnúsi Bæringssyni lóðinni við Laufásveg.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:23

Þór Örn Jónsson, bæjarritari